



536. Stjórnarfundur haldinn 29. janúar 2020 kl:18:00

Mættir:

Einar Haraldsson (EH), Þórður Magni Kjartansson (ÞMK), Bjarney S. Snævarsdóttir (BS),
Eva Björk Sveinsdóttir (ES) og Sveinbjörg Sigurðardóttir (SS).

Fjarverandi: Kári Gunnlaugsson (KG), Birgir Már Bragason (BMB) og Jónína Steinunn Helgadóttir (JH).

1. Fundargerð síðasta fundar

Fundargerð yfirfarin og samþykkt.

2. Innkomin bréf

Tölvupóstur frá ÍSÍ Lífshlaupið. *Móttekið og sent á deildir.*

Tölvupóstur frá knattspyrnudeild/KSÍ vinnustofa 6. febrúar hjá KSÍ um leiðbeiningar um verndun og velferð barna. *EH fyrir hugar að mæta á vinnustofuna og frá knattspyrnudeild mæta Jóhann B. Guðmundsson og Smári Helgason.*

Tölvupóstur frá Goran er að leita að vinnu. *Móttekið.*

Tölvupóstur frá Hafþóri Barða Birgissyni sem spyr um æfingar á frístundartíma skóla. *Móttekið og EH sendi fyrirspurn á deildir. Karfan hefur verið með æfingar í Myllubakkaskóla.*

Tölvupóstur frá ÍSÍ upplýsingar um skil á starfskýrslu sem skila á fyrir 15 apríl. *Móttekið.*

Tölvupóstur frá Bjarna Má Svavarssyni formanni ungmennafélags Grindavíkur boð til stjórnar Keflavíkur að vera viðstödd opnun á viðbyggingu við íþróttamiðstöðina og 85 ára afmæli UMFG. *EH hvatti stjórnarmenn til að mæta. Ákveðið að færa þeim blómvönd í tilefni afmælisins.*

3. Send bréf

Ýmis tölvupóstur áframsendur á stjórnir deilda.

4. Aðalfundur deilda og félagsins

Aðalfundir hjá badminton-, taekwondo-, skot-, blak-, sund- og körfuknattleiksdeildar eru búnir og litlar breytingar í stjórnnum. Tvö bronsmerki voru veitt í taekwondodeild en þau Jón Oddur Guðmundsson og Þórey Guðný Marínósdóttir. Eitt gullmerki veitt í skotdeild Bjarna Sigurðssyni. Eitt silfurmerki í sunddeild Sigurþóri Sævarssyni. Tvö bronsmerki veitt í körfuknattleiksdeild Ingva Hákonarsyni og Svanhildi Guðrúnu Leifsdóttur. Tveir aðalfundir deilda eru eftir og er aðalfundur knattspyrnudeildar í kvöld og aðalfundur fimleikadeildar á morgunn. Búið er að auglýsa aðalfund félagsins á heimasíðu félagsins og facebook félagsins. EH spurði stjórnarmenn aðalstjórnar hvort þeir gæfu kost á sér til endurkjörs. Umræður um hver skildi hljóta starfsbikarinn.

5. Nýr starfsmaður

ÞMK, BMB og ES skipa nefnd hvað varðar starfslýsingu fyrir nýjan starfsmann. Starfslýsing liggur fyrir.

6. Hringbraut 108

Hringbraut 108 umræður um hvað gera skal með eignina. EH sagði frá því að kjallarið flæddi á síðasta föstudag. EH fékk Brunavarnir Suðurnesja til að aðstoða við að dæla vatni upp úr kjallaranum.

7. Önnur mál

EH undirritaði samstarfsamning við Reykjanesbæ í gær. Aðalstjórn er afar þakklát fyrir þennan stuðning Reykjanesbæjar og lítur á þetta sem fyrsta skref við stuðning við innrastarf félagsins.

Þakkir færðar til knattspyrnudeildar og körfuknattleiksdeildar fyrir glæsilegt Þorrablót Keflavíkur.

Umræður um tekjutap sem sunddeildin hefur orðið fyrir vegna brotnáms sjálfisala í Sundmiðstöðinni. Einnig hefur heyrst að við væntanlegar breytingar á Sundmiðstöðinni þá verið ekki heimilt að vera með auglýsingarskilti. *EH falið að spyrjast fyrir um hver sé að selja í Sundmiðstöðinni og hvort það sér rétt að ekki megi setja upp auglýsingarskilti í Sundmiðstöðinni.*

Næsti fundur verður 13. febrúar kl. 18:00

Fundi slitið kl. 19:45. Fundinn ritaði BS.

